

**Nd.**

**335. Breytingartillögur**

við frv. til laga um gerðardóm i kaupgjaldsprætum (pskj. 108).

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogu.

1. Niðurlag 5. gr. »Tregðist -- hlýðir« fellur niður.
2. Aftan við frv. koma þessar greinar:

a.

6. gr.

Hraða skal samningaumleitunum, og varðar 200 kr. til 2000 kr. sektum að tefja þær með ráðnum hug. Gerðardómi skal og hraða sem mest má verða, og má aldrei liða lengri tími en hálfur mánuður frá því, er málið fer til 1. dómstigs, þar til er endanlegur dómur fellur.

b.

7. gr.

Tregðist vinnusalar við að hlita dóminum, skal hver einstakur maður, er það gerir, gjalda 5 króna dagsektir þar til, er hann hlýðir. En tregðist vinnuþegar við að hlita dóminum, skal hver þeirra gjalda í dagsektir 5 krónur á hvern mann, þann er fer á mis við atvinnu sakir tregðu hans.

c.

8. gr.

Alla þá stund, sem samningar og dómur í kaupprætumálum standa yfir, skal unnið fyrir sama kaup, sem unnið var fyrir, þá er deilan hófst.